

Hafnarfjarðarkaupstaður
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 30. október 2023
Málsnúmer: 202309-0016
LA

Efni: Umsögn um breytingu á deiliskipulagi við Reykjanesbraut

Vísað er í tölvubréf Hafnarfjarðarkaupstaðar úr Skipulagsgátt, dags. 18. september 2023 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingar á deiliskipulagi við Reykjanesbraut.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Breyting á deiliskipulagi felur í sér rask á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Forðast skal eins og hægt er að raska hraunmyndunum og vanda frágang þannig að nýjar vegalagnir, undirgöng og lagnabelti falli vel inn í umhverfið.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

